



20 | **ÁRIÐ**
21 | **Í HNOTSKURN**





Efnahagsmál

**Meginhluta
árs 2021 var
verðbólga há,
einkum vegna
verðhækkana á
húsnæði, og hefur
Seðlabankinn
brugðist við með
því að hækka
stýrivexti á ný.**

Hagstofan áætlar að verg landsframleiðsla hafi dregist saman um 6,6% árið 2020 og er þar um minni samdrátt að ræða en spár höfðu gert ráð fyrir skömmu eftir að heimsfaraldur braust út. Niðurstaðan er að einhverju leyti til marks um að fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja hafi verið sterk fyrir faraldurinn.

Seðlabankinn brást skjótt við versnandi efnahagshorfum með verulegum stýrivaxtalækkunum á síðasta ári. Stýrivextir voru 3% í upphafi árs 2020 en voru orðnir 0,75% í nóvember. Þessar vaxtalækkningar voru meðal þess sem örvaði efnahagslífið, og gerðu heimilum m.a. kleift að endurfjármagna lán við betri kjör. Ein afleiðing þessara vaxtalækkana var örvun húsnæðismarkaðar þar sem velta jókst þrátt fyrir heimsfaraldur og efnahagslega óvissu. Meginhluta árs 2021 var verðbólga há, einkum vegna verðhækkana á húsnæði, og hefur Seðlabankinn brugðist við með því að hækka stýrivexti á ný. Í október 2021 voru þeir 1,5%.


Ljóst er að heimsfaraldurinn hefur haft afar misjöfn áhrif á ólíka hópa. Ferðaþjónustan og tengdar greinar hafa orðið fyrir þungu höggi á meðan aðrar greinar hafa orðið fyrir minni áhrifum. Sumar atvinnugreinar hafa jafnvel hagnast á þeim neyslubreytingum sem urðu í kjölfar sóttvarnaraðgerða og ferðatakmarkana. Það sama gildir um heimilin. Heimili sem haldið hafa atvinnu hafa ekki orðið fyrir tekjufalli og í raun notið jákvæðra áhrifa af lækun vaxta og auknum kaupmætti. Höggið hefur fyrst og síðast lent á þeim heimilum sem orðið hafa fyrir atvinnumissi og tekjufalli því tengdu.

Október 2020

Fyrsta rafræna þing í sögu ASÍ

ASÍ hlýtur jafnlaunavottun

Samið í Straumsvík og á Grundartanga



Kjaramál

Gul stéttarfélög eru stofnuð af atvinnurekendum, aðilum nátengdum þeim eða sérhagsmunahópum sem ekki ætla að starfa sem stéttarfélög. Þau eru beinlínis stofnuð til höfuðs raunverulegum stéttarfélögum.

Íslenska flugmannafélagið (ÍFF), sem flugfélagið Play hefur samið við, ber öll merki þess að vera gult stéttarfélag enda liggur fyrir að svokallaður kjarasamningur fyrir flugfreyjur og -þjóna var ekki gerður af þeim sem eiga að vinna samkvæmt honum. Skrifstofa Play og nokkrir flugmenn sáu um samningagerðina án aðkomu þeirra sem honum var ætlað að taka til.

Forseti ASÍ óskaði ítrekað eftir fundi með forstjóra Play en öllum beiðnum þar um var hafnað. Í júní 2021 gerði Flugfreyjufélag Íslands (FFÍ) formlega kröfu um að Play gengi til viðræðna um gerð kjarasamnings vegna starfa núverandi og væntanlegra flugfreyja og -þjóna um borð í flugvélum félagsins. FFÍ kvaðst reiðubúið til þess að aðlaga væntanlegan kjarasamning að rekstrarumhverfi Play án þess þó að víkja frá lágmarks- og grundvallarréttindum sem þegar hefur verið samið um í öðrum kjarasamningum félagsins. Play hafnaði viðræðum og var lýst yfir árangurslausum viðræðum hjá ríkissáttasemjara.

Koma verður í veg fyrir að ósvífní ÍFF og Play gagnvart launafólki á Íslandi smitist um allan vinnumarkaðinn og standa verður fast gegn tilraunum til að brjóta á bak aftur frjáls stéttarfélög sem vinna raunverulega að hag félagsmanna sinna. Baráttan mun halda áfram þangað til Play gerir raunverulegan kjarasamning við raunverulegt stéttarfélag.

Gul stéttarfélög eru beinlínis stofnuð til höfuðs raunverulegum stéttarfélögum.

Nóvember 2020

Stýrivextir 0.75%

Ný hagspá ASÍ

Alþjóðlegur baráttudagur gegn kynbundnu ofbeldi





Atvinnumál

Heimsfaraldurinn hafði í för með sér slíkar hamfarir á vinnumarkaði að almennt atvinnuleysi á Íslandi náði sögulegu hámarki. Hátt stig atvinnuleysis á Íslandi sem fylgdi í kjölfar fjármálahrunsins hafði dvínað frá árinu 2010 og var mánaðarlegt atvinnuleysi í nokkuð stöðugu lágmarki á árunum 2015 til 2018, eða tæp 2,5% að jafnaði skv. tölum Vinnuálastofnunar.

Rétt áður en Covid-19 faraldurinn skall á hafði atvinnuleysi verið að aukast. Í upphafi árs 2020 var það komið í 5%. Hámarkinu var náð í lok árs 2020 og á upphafsmánuðum 2021 þegar atvinnuleysið var í kringum 11%. Byrðar samdráttarins hafa fyrst og fremst komið fram í atvinnumissi og tekjufalli atvinnulausra og þannig dreifst á minni og viðkvæmari hóp en í öðrum íslenskum kreppum. Bati hefur átt sér stað í efnahagslífinu og störfum fjölgað þvert á atvinnugreinir frá vormánuðum 2021 þegar dregið var úr sóttvarnartakmörkunum á landamærum.

Umfangsmestu úrræði ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum voru hlutabótaleið annars vegar og ráðningarstyrkir til fyrirtækja sem ráða fólk inn af atvinnuleysiskrá hins vegar. Heildarfjöldi ráðninga með styrk frá byrjun mars 2021 til loka ágúst var um 5.850. Þáttur úrræðana í dvínandi atvinnuleysi hefur því verið umtalsverður.

Hámarkinu var náð í lok árs 2020 og á upphafsmánuðum 2021 þegar atvinnuleysið var í kringum 11%.

Desember 2020

Tekjufall mest hjá láglaunafólki - hætta á vaxandi ójöfnuði

Illu gengur að styttu vinnuvikuna hjá sveitarfélögum

ASÍ styrkir Hjálparstarf kirkjunnar fyrir jólin



Réttlát umskipti

Umhverfismál vega sífellt þyngra í starfi og stefnumótun Alþýðusambands Íslands vegna loftslagsbreytinga. Loftslagsbreytingar og viðbrögð við þeim munu hafa mikil áhrif á samfélag, velferð, atvinnuvegi, vinnumarkað og samsetningu starfa auk þess að fela í sér mikinn kostnað. ASÍ styður markmið stjórnvalda um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda en leggur áherslu á að sú vegferð verði á forsendum réttláttra umskipta. Hugmyndafræðin um Réttlát umskipti (e. Just transition) snýst um að tryggja að loftslagsaðgerðir byggi á réttlæti og jöfnuði og að ávinningi af breytingum á samfélagi og efnahag vegna loftslagsbreytinga sé skipt með réttlátum hætti. Það felur m.a. í sér að launafólk eigi ekki að bera hitann og þungann af þeim breytingum sem þarf að ráðast í vegna loftslagsbreytinga heldur þurfi stjórnvöld, atvinnuvegir og fyrirtæki að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr losun með kerfisbreytingum og breytingum í rekstri og framleiðslu.

Í mars 2021 kom út skýrsla um loftslagsbreytingar og réttlát umskipti sem unnin var af ASÍ, BSRB og BHM. Þar kom fram að móta þurfi heildstæða stefnu um fjárfestingar í aðlögun og tækniþróun, menntamálum, vinnumarkaðsaðgerðum og afkomutryggingu sem mótvægi við þeim breytingum sem munu verða á íslenskum vinnumarkaði vegna loftslagsbreytinga. Þá þurfi að samræma aðgerðir í baráttunni gegn loftslagsbreytingum með það að markmiði að skapa góð og mannsæmandi störf og lífskjör. Einnig sé nauðsynlegt að stéttarfélög taki þátt í allri stefnumótun sem tengjast orku- og loftslagsmálum enda muni kerfisbreytingarnar hafa víðtæk áhrif á vinnumarkaðinn og launafólk.

Hugmyndafræðin um Réttlát umskipti snýst um að tryggja að loftslagsaðgerðir byggi á réttlæti og jöfnuði.

Janúar 2021

Verðbólgan 4,3%

Andstaða við sölu Íslandsbanka

VR 130 ára





Fræðslumál

Skólinn bauð upp á 97 námskeið í öllum flokkum, skólaárið 2020-2021. Aðeins náðist þó að halda 48 sökum heimsfaraldursins.

Félagsmálaskólinn er rekinn af ASÍ og BSRB en hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Skólinn bauð upp á 97 námskeið í öllum flokkum, skólaárið 2020-2021. Aðeins náðist þó að halda 48 sökum heimsfaraldursins. Heildarfjöldi þátttakenda var 717. Af þessum fjölda þátttakenda voru 529 konur en 190 karlar.

Í byrjun árs 2019 hófst þróunarvinna við nýtt kennsluferfi í samstarfi við hugbúnaðarfyritækið Costner ehf. Sérstök áhersla er á notendavænt viðmót og að ekki sé þörf á sértækri tæknikunnáttu þeirra sem nýta sér fræðsluna. Þetta nýja kerfi býður upp á mikla möguleika í allri kennslu og utanumhaldi, s.s. fjarkennslu í lotum, spjallþræði, námsmat, rafræn námskeið svo eitthvað sé nefnt. Kerfið hefur verið tekið í notkun.

Undanfarið hefur staðið yfir vinna við gerð þýðingarapps sem inniheldur helstu orð og hugtök vinnu- og aðrarinningsmála. Um er að ræða app sem þýðir orð úr íslensku á ensku og öfugt og kemur með dæmi um umbeðin orð í setningum. Appið var tekið í notkun vorið 2021 og ber heitið Orðakista ASÍ eða OK.

Á fyrri hluta árs 2021 var ráðist í gerð tveggja fræðslumyndbanda um ofbeldi, með styrk frá félagsmálaráðuneytinu. Annað myndbandið fjallar um heimilisofbeldi og ofbeldi á vinnustað og hitt um mansal. Sérstök áhersla verður lögð á að boðskapur þessara myndbanda nái til fólks af erlendum uppruna.

Febrúar 2021

7 þúsund búa í óleyfisbúðum

Varða – fjórðungur nær vart endum saman

Málþing um stöðu erlends verkafólks



Það er nóg til

Í aðdraganda alþingiskosninganna 25. september 2021 réðst Alþýðusambandið í sérstakt átak undir yfirskriftinni „Það er nóg til“ – til að koma áherslumálum sínum vegna kosninganna á framfæri og var sérstakur verkefna-stjóri ráðinn á skrifstofuna vegna þessa.

ASÍ hélt blaðamannafund um áherslur sínar vegna þingkosninganna 3. maí. Í kjölfarið var sett í gang röð beinna sjónvarpsútsendinga þar sem Drífa Snædal, forseti ASÍ, fékk forystufólk stjórnmalasamtaka í viðtal eitt og eitt í einu. Þessum viðtölum var streymt beint á Facebook-síðu ASÍ og á vísir.is. „Samtal við flokkana“, viðtöl Drífu við forystufólk stjórnmalaflokkanna, má sjá á Youtube-rás ASÍ.

Áherslunum var fylgt eftir með auglýsingum, greinaskrifum og framleiðslu efnis fyrir samfélagsmiðla. Í ágúst var hleypt af stöðunum röð hlaðvarpsviðtala þar sem starfsmenn ASÍ tóku viðtöl við fólk með innsýn í mál-efnin og stöðuna í stjórnmalunum. Í september var haldið málþing um heilbrigðismál og pallborðsumræður með formönnum stjórnmalahreyfinganna var sent út í beinu streymi frá Hótel Nordica.

Í skoðanakönnun sem ASÍ gerði strax eftir kosningar kom fram að 63% þjóðarinnar hafði tekið eftir herferðinni „Það er nóg til“ og tæplega 60% tengdu hana ASÍ.

Áherslunum var fylgt eftir með auglýsingum, greinaskrifum og framleiðslu efnis fyrir samfélagsmiðla.

Styrkur til fræðslu trúnaðarmanna um heimilisofbeldi og mansal

Mars 2021

ASÍ og SA ná saman um breytingar á kjarasamningi um lífeyrismál

Verkalýðshreyfingin vill réttlát umskipti í loftslagsaðgerðum



Fimm hundruð íbúðir á tveimur árum

Haustið 2021 urðu þau tímamót að Bjarg-Íbúðafélag afhenti fimmhundruðustu leiguíbúð félagsins. Fyrsta íbúðin var afhent í júní 2019 og hefur verkefnið gengið samkvæmt áætlun. Allar íbúðir hafa verið afhentar á réttum tíma og verið á kostnaðaráætlun.

Íbúðir Bjargs sem eru komnar í leigu eru í Grafarvogi, Úlfarsárdal, Kirkjusandi, Árbæ, Þorlákshöfn, Selfossi, Akranesi og Akureyri.

Í maí tilkynnti Bjarg að vegna endurfjármögnunar og endurskoðunar á rekstri fjölbýlishúsa Bjargs við Móaveg og Urðarbrunn í Reykjavík muni félagið lækka leigu hjá 190 leigutökum félagsins á þessum stöðum um 25 þúsund krónur á mánuði.

Enn eru miklar framkvæmdir í gangi á vegum Bjargs en 553 íbúðir eru í byggingu eða í hönnunarferli haustið 2021. Þessar íbúðir eru í Árbæ, Bryggjuhverfi Grafarvogi, Vogabyggð Hamranesi Hafnarfirði, Urriðaholti Garðabæ, Hveragerði, Grindavík, Skerjafirði, Selási, Seljahverfi, Háaleitisbraut og Suðurnesjabæ.

Bjarg hefur átt farsælt samstarf við Búseta við uppbyggingu í Bryggjuhverfi og Garðabæ þar sem félögin fengu úthlutað sameiginlegum lóðum.

Aukinn áhugi er hjá sveitarfélögum um samstarf við Bjarg og mun uppbygging halda áfram meðan þörf er fyrir hagkvæmar leiguíbúðir og ríki og sveitarfélög úthluta stofnframlögum til almennra íbúða.

Allar íbúðir hafa verið afhentar á réttum tíma og verið á kostnaðaráætlun.

Apríl 2021

Orðakista ASÍ fyrir snjalltæki

Áhersla á lækkun skulda getur heft bata og viðhaldið atvinnuleysi

Baráttusamkoma í Sjónvarpinu 1. maí

Leigjendur hjá Bjargi komnir yfir eitt þúsund

Maí 2020

Það er nóg til hleypt af stokkunum



Listasafn ASÍ

Listasafn ASÍ stóð fyrir myndlistarsýningum og barnanámskeiðum í tengslum við útkomu bókar Gísla Páls-sonar sem ber heitið FUGLINN SEM GAT EKKI FLOGIÐ og fjallar um örlög geirfuglsins. Sýningarnar og barnanámskeiðin voru haldin í samstarfi við fjölmarga aðila víðs vegar um landið. Sýningarnar fóru fram í Ásmundarsal í Reykjavík, Mjólkurbúðinni á Akureyri og Eldheimum í Vestmannaeyjum.

Bibendum-sýningarnar eru ný tegund vinnustaðasýninga hjá Listasafni ASÍ, þ.e. myndlistarsýningar á dekkjaverkstæðum. Sýningarnar voru settar upp í samvinnu við eigendur og starfsmenn viðkomandi dekkjaverkstæða. Gefin er út póstkorta-sería fyrir hverja sýningu. Sýning Eyglóar Harðardóttur, VÍSBENDINGAR, var í vinnusölum Gúmmívinnustofunnar Skipholts 35 og sýning Kristínar Gunnlaugsdóttur, GIMSTEINAR, var í vinnusölum Nesdekkja á Fiskislóð 30 í Reykjavík. Samstarfið var einstaklega ánægjulegt öllum sem að því komu.

Sýning Bjarka Bragasonar, SAMTÍMIS, fjallaði um skörun á jarðsögulegum og mennskum tíma. Í verkunum á sýningunni birtust annars vegar trjáleifar sem fundust við rætur sífellt hopandi Breiðamerkurjökuls og hafa verið grafnar í jarðvegi þar í um þrjú þúsund ár og hins vegar leifar af fornu tré í Sagehen-skóginum í Sierra Nevada-fjöllum Kaliforníu. Sýningin var haldin í samstarfi við Svavarssafn.

Mikilvægur þáttur í starfsemi Listasafns ASÍ eru vinnustaðasýningarnar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um árabil. Nú eru í gangi um 25 vinnustaðasýningar með hátt í 300 verkum víðs vegar um landið.

Sýningarnar voru settar upp í samvinnu við eigendur og starfsmenn viðkomandi dekkjaverkstæða.

Forseti ASÍ ræðir við forystufólk stjórnmálaflokkanna

ILO þing ítrekar mikilvægi opinberra kerfa

Júní 2021

Ný skýrsla ASÍ um íslenskan vinnumarkað

Varða fær styrk til að rannsaka stöðu láglaunakvenna

Formannafundur ASÍ



Varða - rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Á árinu hefur starfsemi hinnar nýstofnuðu Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins verið öflug. Alþýðusamband Íslands og BSRB stofnuðu Vörðu í lok maí 2020 með það að markmiði að efla rannsóknir og bæta þekkingu á lífsskilyrðum fólks.

Stærsta verkefni starfsársins var viðamikil könnun á fjárhagsstöðu og heilsu félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB og var þetta í fyrsta sinn sem svo umfangsmikil könnun var framkvæmd meðal félaga í heildarsamtökunum tveimur. Niðurstöðurnar sýndu slæma fjárhagsstöðu atvinnulausra og innflytjenda og jafnframt slæma andlega heilsu ungs fólks, sérstaklega ungra kvenna. Öryrkjabandalag Íslands óskaði í kjölfarið eftir að Varða framkvæmdi svipaða könnun meðal fatlaðs fólks og voru niðurstöðurnar birtar í september.

Á árinu fékk Varða þrjú verkefnastyрки. Þróunarsjóður innflytjendamála veitti stofnuninni styrk til að rannsaka stöðu óvirkra ungmenna af erlendum uppruna. Jafnréttissjóður Íslands styrkti verkefni sem miðar að því að rannsaka upplifanir og reynslu ungra kvenna af erlendum uppruna. Jafnframt fékk stofnunin, ásamt Félagsmálaskóla alþýðu, Jafnréttisstofu, Kvennaathvarfinu, Vinnueftirlitinu og 1-1-2, styrk til að framleiða fræðslu-myndbönd um heimilisofbeldi og mansal frá félags- og barnamálaráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu. Myndböndin verða meðal annars notuð í trúnaðarmannafræðslu stéttarfélaganna.

Verkefnin fram undan er að þróa stofnunina frekar til að efla baráttu stéttarféлага fyrir bættum hag og auknum lífsgæðum með því að auka þekkingu og miðla hugmyndum.

Niðurstöðurnar sýndu slæma fjárhagsstöðu atvinnulausra og innflytjenda og jafnframt slæma andlega heilsu ungs fólks, sérstaklega ungra kvenna.

Júlí 2021

Félagslegur stuðningur dró úr áhrifum efnahagsþrenginga

Það er nóg til - spurningaleikur alþýðunnar

ASÍ þingi aflýst vegna Covid

ASÍ gerir athugasemdir við mat AGS á launaþróun

Ágúst 2020



VIRK

Starfsendurhæfingarsjóður

VIRK hefur starfað í 13 ár og í ágústlok 2021 höfðu alls um 20.700 einstaklingar hafið starfsendurhæfingarsjóðustöðu hjá VIRK.

Rúmlega 2.300 einstaklingar komu nýir inn í þjónustu hjá VIRK á árinu 2020, 11,4% fleiri en árið á undan, og hafa ekki áður svo margir hafið starfsendurhæfingu á einu ári. Aðstæður einstaklinganna sem leita til VIRK eru misjafnar og starfsendurhæfingaráætlun þarf að sníða að þörfum hvers og eins. Um 80% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála en undanfarin ár hefur þeim fjölgað sem glíma við bæði stoðkerfisvanda og geðrænan vanda við komu til VIRK.

1.600 einstaklingar útskrifuðust frá VIRK árið 2020, sem er 12% aukning frá fyrra ári og metfjöldi útskrifta á einu ári. Við lok starfsendurhæfingu fara langflestir í virka þátttöku á vinnumarkaði. Tæplega 12.800 einstaklingar hafa útskrifast frá VIRK frá upphafi og af þeim hafa 9.900 farið í vinnu, atvinnuleit eða nám að lokinni starfsendurhæfingu.

Á árinu 2020 var ávinningur af starfi VIRK metinn um 21,3 milljarðar króna en rekstrarkostnaður sama árs var um 3,5 milljarðar. Stærsti hluti útgjalda VIRK fer í kaup á ýmiss konar starfsendurhæfingarsjóðustöðu frá þjónustuaðilum fyrir þjónustuþega VIRK sem eru að öllu jöfnu um 2.600 talsins hverju sinni.

Á árinu 2020 var ávinningur af starfi VIRK metinn um 21,3 milljarðar króna en rekstrarkostnaður sama árs var um 3,5 milljarðar.

Ný skýrsla ASÍ - veikleikar í íslensku skattkerfi dregnir fram

Þing ASÍ-UNG

September 2021

Atvinnuleysi minnkar

Pallborðsumræður með forystufólki stjórnmálaflokkanna

Bjarg afhentir fimmhundraðustu íbúðina





Alþýðusamband Íslands
Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík
Sími: 535 5600
asi@asi.is
www.asi.is

Reykjavík, október 2021